

Staðan í ríkisfjármálum – hvað þarf að gera fram til 2013


Björn Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri

27. janúar 2010

Af hverju skipta ríkisfjármálin öllu ?

- Forsenda fyrir varanlegum viðsnúningi í efnahagsmálum. Á síðasta ári var ríkisfjármálum beitt með það að markmiði að milda áhrif efnahagsfallsins. Þann slaka þarf nú að taka hratt til baka.
- Forsenda fyrir efnahagslegri sjálfbærni. Við hrun bankanna breyttist efnahagleg staða ríkissjóðs úr því að vera óvenju hagstæð yfir í að vera mjög óhagstæð. Viðvarandi hallarekstur skapar hættu á ríkið komist í þrot.
- Mælikvarði á árangur. Enginn einstakur liður í hagstjórninni skiptir jafn miklu máli við núverandi aðstæður og árangurinn í ríkisfjármálum. Hér skilur algerlega á millig feigs og ófeigs.
- Krefjandi verkefni. Af þeim meginverkefnum sem framundan eru í hagstjórninni eru ríkisfjármálin mest krefjandi.

Á hvaða leið erum við ?



Hálfnað er verk þá hafið er

- Meginkostur núverandi stefnu er hversu einföld hún er:
 - Frumjöfnuður í jafnvægi árið 2011
 - Heildarjöfnuður í jafnvægi árið 2013
 - Skuldsetning ríkissjóðs undir 60% af VLF til lengri tíma litið
- Fyrsta aðlögunarskrefið var stigið um mitt síðasta ár með aðgerðum sem kynntar voru í júní á síðasta ári.
- Miðað við stöðuna í dag er erfiðasti hjallinn eftir

Fjármál hins opinbera 2007-2010

					<i>Spá</i>			
<i>hlutfall af landsframleiðslu</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heildartekjur	47,9	44,3	38,4	40,5	43,1	44,5	45,4	44,5
Heildarútgjöld	42,5	57,8	52,7	51,4	49,9	47,1	44,7	43,3
Tekjuafkoma	5,4	-13,6	-14,3	-10,9	-6,8	-2,6	0,7	1,2
Vaxtatekjur	2,3	3,1	3,4	2,5	3,0	3,0	3,0	2,9
Vaxtaútgjöld	2,6	3,4	9,5	10,7	11,4	10,6	9,6	8,7
Frumafkoma	5,8	-13,3	-8,3	-2,7	1,6	5,1	7,2	6,9

En fleira þarf til

- Mikilvægt að huga að samræmingu í fjármálum ríkis og sveitarfélaga til að hægt verði að treysta ramma opinberra fjármála. Hingað til hafa ríkisfjármálin verið í forgrunni. Mikilvægt að leggja aukna áherslu á opinber fjármál í heild.
- Aukin áhersla á langtímamarkmið og bindandi útgjaldaramma yfir lengra tímabil en nú tíðkast.
- Mikilvægi skuldastýringar í opinberum fjármálum hefur aldrei verið meira, nú þegar skuldsetning hins opinbera hefur aukist mikið.

Svo uppsker sem sáir

- Miðað við horfur í okkar nágrannalöndum eru verkefnin í ríkisfjármálum síst minni en hjá okkur. Staða Íslands gæti verið vel viðunandi innan skamms.

Afkoma hins opinbera í nokkrum löndum

